

## Nokkur mikilvæg tónfræðihugtök

**Hljómur** (stundum kallað grip) samanstendur af tveimur eða fleiri nótum sem hljóma saman.

**Þríhljómur** (grunnnota, þríund og fimmund).

Hægt er að leggja hljóminn eða brjóta hann upp.

Brotinn hljómur er kallaður **arpeggía**.

## Hljómasamsetningar

Flest lög eru byggð upp á nokkrum hljómunum sem saman búa til heildarsvip lagsins.

Það eru til lög með mörgum hljómunum og svo eru til lög þar sem hægt er að komast upp með að nota eingöngu einn hljóm, t.d. **Krummi svaf í klettagjá** en þar getum við spilað einn hljóm út allt lagið.

**Em**

Krummi svaf í klettagjá

**Em**

kaldri vetrarnóttu á

**Em**

verður margt að meini

**Em**

verður margt að meini

Lagið stækkar svo umtalsvert ef við bætum við einum hljómi:

**Em**

Krummi svaf í klettagjá

**Em**

kaldri vetrarnóttu á

**Em**

verður margt að meini

**B7** **Em**

verður margt að meini

Við getum skipt **Em** út fyrir **Am** og **B7** út fyrir **E7**.

**Am**

Krummi svaf í klettagjá

**Am**

kaldri vetrarnóttu á

**Am**

verður margt að meini

**E7** **Am**

verður margt að meini

Algeng hljómasamsetning er **I, IV, V** en það eru þá t.d. **C** dúr (fyrsta sæti), **F** dúr (fjórða sæti) og **G** dúr (fimmta sæti), einn, fjórir, fimm.

<b>I</b>	<b>IV</b>	<b>V</b>
Fyrsta sæti	fjórða sæti	fimmta sæti
<b>C</b> dúr	<b>F</b> dúr	<b>G</b> dúr

Lög eins og **Wild thing** og **Johnny B. Goode** eru dæmi um **I, IV, V** hljómasamsetningu.

Ef við ákveðum að **I** (fyrsta sæti) sé **A** dúr þá er auðvelt að nota heimahljómatöfluna og finna út að **IV** (fjórða sæti) er á **D** dúr og **V** (fimmta sæti) er **E** dúr.

Aðrar algengar hljómasamsetningar eru:

**G, Em, C og D**                      **D, G og A**                      **Bm, G, D og A**

## Heimahljómar

Heimahljómarirnir hjálpa okkur m.a. þegar við erum að læra lög og einnig þegar við erum að semja lög. Hér er tafla sem útskýrir hvernig hljómarirnir tengjast.

I	II	III	IV	V	VI	VII
Dúr	Moll	Moll	Dúr	Dúr	Moll	Dim
A	B	C#	D	E	F#	G#
B	C#	D#	E	F#	G#	A#
C	D	E	F	G	A	B
D	E	F#	G	A	B	C#
E	F#	G#	A	B	C#	D#
F	G	A	Bb	C	D	E
G	A	B	C	D	E	F#

Það er einnig hægt að bæta við **7und** (sjöund) en þá notum við við sjöundu nótu tónstigans til að stækka hljóminn.

Í **C** dúr verður fyrsta sæti þá **C7** og annað sæti verður **Dm7**, þriðja sæti **Em7**, fjórða sæti **F7**, fimmta sæti **G7**, sjötta sæti **Am7** og sjöunda sæti **Bm7b5**.

Við getum líka breytt **C** dúr í **Cmaj7** en þá er 7. nóta tónstigans í hljómunum orðin að stórra **7und** (**B** nóta í stað **Bb** nótu).

Það er mikill munur á lítilli og stórra **7und** og dálítið ruglingslegt að þegar maður spilar hreinan **dúr** tónstiga notum við stóra sjöund en þegar við spilum dúr hljóm með sjöund, t.d. **C7**, þá er sjöundin lítil nema við tökum það sérstaklega fram; **Cmaj7**.

## Tónstigar

Tónstigar (skalar) tengjast hljómunum (sbr. I, II, III o.s.frv.)

Það er mjög mikilvægt að læra **dúr** tónstiga og ég nota **C dúr** til útskýringa.

The diagram shows a guitar fretboard with strings labeled E, A, D, G, B, E from bottom to top. The frets are numbered 7 and 9. The notes of the C major scale are indicated: C (7th fret, E string), D (7th fret, A string), E (7th fret, D string), F (9th fret, G string), G (9th fret, B string), A (9th fret, E string), B (9th fret, A string), and C (10th fret, D string). To the right, a musical staff in 4/4 time shows the C major scale in treble clef. Below the staff, a tablature line shows the fret numbers for each note: 8 10 7 8 10 7 9 10 8 10 7 8.

Með því að læra **dúr** tónstiga erum við að leggja grunninn að öðrum skemmtilegum tónstigum sem eru „faldir“ innan í dúr tónstiganum. Munum að það er gaman að læra og æfa tónstiga!

Tónstigar og hljómar tengjast.

- I fyrsta nótan í tónstiganum gefur okkur fyrsta hljóminn, **C dúr**.
- II önnur nótan í tónstiganum gefur okkur annan hljóminn, **D moll**.
- III þriðja nótan í tónstiganum gefur okkur þriðja hljóminn, **E moll**.
- IV fjórða nótan í tónstiganum gefur okkur fjórða hljóminn, **F dúr**.
- V fimmta nótan í tónstiganum gefur okkur fimmta hljóminn, **G dúr**.
- VI sjötta nótan í tónstiganum gefur okkur sjötta hljóminn, **A moll**.
- VII sjöunda nótan í tónstiganum gefur okkur sjöunda hljóminn, **Bm7b5**.

Inni í **dúr** tónstiganum eru aðrir tónstigar og með því að læra hvernig þeir virka getum við sett fleiri skemmtilega liti í tónlistina sem við spilum.

Þessir tónstigar fá nöfn og hafa hingað til kallast **kirkjutóntegundir** á íslensku en **modes** á ensku.

- I **Ionian** er hreinn dúr tónstigi.
- II **Dorian** er moll tónstigi með stórri **6und**.
- III **Phrygian** gefur okkur t.d. byrjunina á „**Krummi svaf í klettagjá**“.
- IV **Lydian** er mikið notaður af **Steve Vai**.
- V **Mixolydian** er oft kallaður Metal tónstigin!
- VI **Aeolian** er hreinn moll tónstigi.
- VII **Locrian** er t.d. notaður í „**Army of me**“ (Björk) og „**Doom**“ laginu.

<b>I</b>	Ionian	C D E F G A B	1 2 3 4 5 6 7
<b>II</b>	Dorian	D E F G A B C	1 2 b3 4 5 6 b7
<b>III</b>	Phrygian	E F G A B C D	1 b2 b3 4 5 b6 b7
<b>IV</b>	Lydian	F G A B C D E	1 2 3 #4 5 6 7
<b>V</b>	Mixolydian	G A B C D E F	1 2 3 4 5 6 b7
<b>VI</b>	Aelian	A B C D E F G	1 2 b3 4 5 b6 b7
<b>VII</b>	Locrian	B C D E F G A	1 b2 b3 4 b5 b6 b7

- **b3** þýðir lítil þríund, **b2** þýðir lítil tvíund o.s.frv.

**Áttund:** við spilum **C** dúr tónstigann: **C D E F G A B** og svo er áttunda nótan **C** og þess vegna tölum við um **áttund**. Áttund ofar og áttund neðar og það er þá sama nótan sem um ræðir en hljómar þá hærri eða lægri.

Munum svo að það er mikilvægt að fara út fyrir rammann og brjóta reglurnar þegar við semjum tónlist. Stundum er gott að fara ekki eftir neinum reglum.